LÍFLAND

# Hestafóður og bætiefni



Vor 2022

LÍFLAND

Þegar ég kom til Íslands 1998 til að taka sýni af hestafóðri fyrir doktorsritgerðina mína og spurði bændur og ræktendur um fóðurbæti og bætiefni fyrir hross, fékk ég afhentan illa lyktandi plastpoka og áttaði mig í fyrstu ekki hvað um var að ræða.

Ég kom pokanum fyrir í vandlega lokuðum umbúðum og hélt svo með hann til rannsóknarstofu fóðurfræðideildar Dýralækna-háskólans í Hannover í Þýska-landi.

Vísindamenn háskólans hringdu í kjölfarið í mig og voru vissir um að hér væri um aprílgabb að ræða þegar þau uppgötvuðu illa farna og mjög illa lyktandi saltsíld í pokanum sem engan veginn gat verið hestafóður.

Ég þurfti að leggja mikið á mig til að sannfæra sérfræðinga háskólans um að þetta væri



Ljósmynd: Sissel Tveten

eina bætiefnið fyrir hross á Íslandi sem ég fann á ferðum mínum um landið.

Síðan eru liðin tuttugu og fjögur ár og núna er aðgangur að

bætiefnum og fóðurbæti fyrir hross hér á landi svipaður og í öðrum Evrópulöndum.

Til að lýsa vöruúrvalinu og leiðbeina um notkun varanna hefur Lífland sett saman þennan frábæra bækling fyrir hestaeigendur.

Úrvalshey ætti alltaf að vera efst á matseðli hestanna okkar yfir vetrartímann.

Þar sem miklu meiri kröfur eru gerðar til hestanna okkar í dag, hvort sem um ræðir hestaferðir, frumtamningu, keppnisþjálfun, ræktun, sæðingar eða uppeldi, skiptir miklu máli að hesta-eigendur kynni sér einstaklingsþarfir hestanna og virði ástand þeirra fyrir sér.

Stundum er fróðlegt að ræða við dýralækni um einstaka hesta sem eru erfiðari í fóðrun og oft getur blóðprufa hjálpað til við að leiða í ljós efnaskort eða ójafnvægi í stein- og snefil-efnabúskap sem hægt er að laga með réttum bætiefnum, til að tryggja gott fóðrunarástand.

**Dr. med. vet. Susanne Braun**, Dvergasteinum, Stokkseyri í apríl 2022.

# EFNISYFIRLIT


| Bls. | |
|---|---|
| 4-10 | **Fóður** |
| 11-12 | **Frjósemi, gangmál og uppeldi** |
| 13-14 | **Hestanammi** |
| 15-16 | **Saltsteinar og bætiefnafötur** |
| 17-19 | **Vítamín og steinefni** |
| 20-21 | **Hófar og hárafar** |
| 22-26 | **Melting, góðgerlar og ónæmiskerfi** |
| 27-28 | **Olíur, lýsi og Omega** |
| 29-32 | **Taugar og orka** |
| 33-35 | **Vöðvar, liðir og sinar** |
| 36-37 | **Endurheimt, sölt og rafvakar** |

# FÓÐUR

## Fóðurþörf hesta fer eftir:

- **Þyngd**
  Íslenski hesturinn er
  320-430 kg.
- **Aldri**
- **Holdafari**
- **Geðslagi**
  Ör hestur ⟷ Rólyndur hestur
- **Álagi**
  Viðhald ⟷ Þjálfunarálag

***Athugið að einstaklingsbreytileiki er um 20%***

# FÓÐURTAFLA



| | Kraftur | Máttur | PAVO PodoGrow | PAVO Nature's Best | PAVO Sportsfit | PAVO TopSport | PAVO Ease&Excel | PAVO 18Plus | PAVO Fibrebeet | PAVO Slobber Mash | PAVO SpeediBeet | Pink Mash | Valsaðir hafrar | Heilir hafrar |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Músli* | | | | ◆ | ◆ | ◆ | ◆ | ◆ | | ◆ | | | | |
| *Kögglar* | ◆ | ◆ | ◆ | | | | | | ◆ | | | ◆ | | |
| *Flögur* | | | | | | | | | | | ◆ | | | |
| *Heilkorn* | | | | | | | | | | | | | ◆ | ◆ |
| *Grunnfóðrun* | ■ | ■ | | ■ | | | | ■ | ■ | ■ | ■ | ■ | ■ | ■ |
| *Álags- og keppnisfóðrun* | ■ | | | | ■ | ■ | ■ | | ■ | ■ | ■ | ■ | | |
| *Uppeldisfóðrun* | | | ■ | | | | | | | | | | | |
| *Orkustig* | ++ | ++ | ++ | + | ++ | +++ | +++ | + | ++ | ++ | +++ | + | +++ | +++ |
| *Lágt í próteini* | | | | | | | | | | | ⊖ | | | |
| *Lágt í sykri* | ⊖ | ⊖ | | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ | ⊖ |
| *Sterkja* | ●●● | ●●● | ●● | ●● | ●● | ●● | ● | ●● | ● | ●●● | | ● | ●●● | ●●● |
| *Hátt í trefjum* | | | | ⊕ | ⊕ | | ⊕ | ⊕ | | | ⊕ | ⊕ | | |
| *Hafralaust* | | | ● | ● | | ● | | ● | ● | | ● | ● | | |
| *Góðgerlabætt* | | | | | | | ● | | | | | ● | | |
| *Gefist blautt* | | | | | | | | | ● | ● | ● | ● | | |

# KRAFTUR

◆ Kögglar ■ Grunnfóðrun ■ Álags- og keppnisfóðrun
++ Orkustig ⊖ Lágt í sykri ●●● Sterkja

## 25 kg *19603* / 500 kg *19606*

Kraftur er úrvals kjarnfóðurblanda, jafnt fyrir reiðhesta sem og keppnishesta sem fullnægja ekki fóðurþörfum sínum eingöngu með gróffóðri og til að minnka kviðfylli.

Blandan er orkumikil, lystug og inniheldur æskilegt hlutfall steinefna og vítamína.




- Orkufóður sem leggur til viðbótarorku þegar hennar er þörf
- Gæðaprótein til að tryggja sem besta vöðvavirkni ásamt E-vítamíni og magnesíum
- Þegar hesturinn þarf að skara fram úr
- Lystug blanda og inniheldur æskilegt hlutfall steinefna og vítamína.
- Gefið sem viðbótarfóður með gróffóðri

**Notkun**
Daglegur skammtur: 0,5-2 kg á dag

---

# MÁTTUR

◆ Kögglar ■ Grunnfóðrun
++ Orkustig ⊖ Lágt í sykri ●●● Sterkja

## 25 kg *19703* / 500 kg *19707*

Máttur er einstaklega gott kjarnfóður fyrir hross, einkum fyrir holdgranna hesta sem þarf að fita og einnig sem viðhaldsfóður fyrir reiðhesta. Fóðrið er lystugt, eykur orku hestsins og inniheldur æskilegt hlutfall steinefna og vítamína. Blandan er þróuð í samráði við íslenska og erlenda sérfræðinga í fóðrun hesta.




- Orkuríkt kjarnfóður sem miðlar orkunni jafnt og þétt
- Gæðaprótein til að tryggja sem besta vöðvavirkni ásamt E-vítamíni og magnesíum
- Úrvalsfóður fyrir holdgranna reiðhesta sem þarf að koma í betri hold en hentar einnig sem viðhaldsfóður og fyrir hesta sem hættir við hófsperru
- Hægari orkulosun sem gerir hesta viðráðanlegri
- Gefið sem viðbótarfóður með gróffóðri

**Notkun**
Daglegur skammtur: 0,5-2 kg á dag

# PAVO NATURE'S BEST

## 15 kg *BTR10066*

◆ *Múslí* ■ *Grunnfóðrun*
\+ *Orkustig* ⊖ *Lágt í sykri* ●● *Sterkja*
⊕ *Hátt í trefjum* ● *Hafralaust*

Mikill sykur og sterkja er óæskileg hestum í lítilli þjálfun eða viðkvæmum fyrir hófsperru. Þess vegna hefur Pavo Nature's Best verið endurbætt með minna korninnihaldi. Nature's Best er lystugt og trénisríkt múslífóður fyrir hesta.

- Þessi holla múslíblanda inniheldur mjög lítið af sykri (4%), þar af leiðandi minni sterkju (15%) og meira af trefjum. Inniheldur ekki hafra.
- Inniheldur einnig spelt, alfalfa, sojaflögur og hörfræ fyrir glansandi feld. Enn fremur hafa vítamín, steinefni og snefilefni verið endurbætt í samræmi við nýjustu niðurstöður og byggt á meðaltali næringargilda í núverandi heyjum. Spelt og refasmári örva tyggingu.
- PAVO Nature's Best hentar hrossum sem eru ekki í mikilli þjálfun, hrossum sem eiga það til að vera of feit og hrossum sem eiga það til að verða of ör við það að fá kjarnfóður sem inniheldur hafra.




**Notkun**
Viðhaldsfóðrun: 350 g á dag. Létt vinna: 400 g á dag.

---

# PAVO SPORTSFIT

## 15 kg *BTR10064*

◆ *Múslí* ■ *Álags- og keppnisfóðrun*
++ *Orkustig* ⊖ *Lágt í sykri* ●● *Sterkja*
⊕ *Hátt í trefjum*

PAVO SportsFit er múslífóður með höfrum fyrir kynbóta- og keppnishross. Aukið magnesíum í réttum hlutföllum við kalsíum og fosfór stuðlar að heilbrigði vöðva, sina og liða.

PAVO SportsFit er kolvetnaríkt en fremur próteinsnautt og er tilvalin viðbót fyrir mikið þjálfuð hross sem fá gott, próteinríkt hey.

Blandan inniheldur hátt hlutfall af magnesíum, lífrænu seleni og E - vítamíni. Inniheldur fituríkt fræ með omega-3 og 6 fitusýrum. Hitameðhöndlað (þanið), sem eykur meltanleika til muna. Fæst í 15 kg pokum.

- Hentar sérstaklega vel fyrir hesta í mikilli þjálfun
- Fyrir kynbóta- og keppnishross




**Notkun**
Miðlungs vinna: 450 g / 100 kg lífþunga á dag.
Mikið álag: 600 g /100 kg lífþunga á dag.

# PAVO TOPSPORT

◆ *Múslí* ■ *Álags- og keppnisfóðrun*
+++ *Orkustig* ⊖ *Lágt í sykri* ●● *Sterkja*
● *Hafralaust*

## 15 kg *BTR10062*

Pavo TopSport er sérstaklega þróað af sérfræðingum Pavo í samstarfi við dýralækna og knapa í fremstu röð, ábótarfóður á múslígrunni fyrir hesta sem eru í mikilli vinnu og keppnisþjálfun.

Fóðrið er auðugt af meltanlegu próteini og inniheldur lífnauðsynlegu amínósýrurnar lýsín, þreónín og meþíónín.

- Fituhlutfall upp á 18% leggur hestinum til mjög hægupptekna orkuuppsprettu og styður við gott hárafar.
- Til viðbótar er fóðrið vítamín- og steinefnabætt til stuðnings fyrir keppnishestinn og gefur hraustlegt útlit, góða vöðvauppbyggingu og orkumikla gæðinga. Það hentar fyrst og fremst hestum undir miklu þjálfunarálagi.




**Notkun**
170-250 g / 100 kg lífþunga á dag.

---

# PAVO EASE&EXCEL

◆ *Múslí* ■ *Álags- og keppnisfóðrun*
+++ *Orkustig* ⊖ *Lágt í sykri* ● *Sterkja*
⊕ *Hátt í trefjum* ● *Góðgerlabætt*

## 15 kg *BTR10074*

Pavo Ease&Excel er góðgerlabætt múslífóður fyrir hesta. Það er orkuríkt, með hátt hlutfall meltanlegs trénis en lágt sykurinnihald.

Það inniheldur Protexin góðgerla sem styðja við bætt heilbrigði meltingarvegar, kemur jafnvægi á sýrustig í maga og hentar því sérlega vel fyrir keppnishross og hesta sem eru undir miklu þjálfunarálagi.

- Hestar sem eru í meðal eða mikilli þjálfun
- Hestar sem eru viðkvæmir í maga eða þjást af lystar-leysi
- Taugaveikluð hross og hestar með streitueinkenni
- Hestar sem þurfa ábót til endurheimtar eftir miklar æfingar




**Notkun**
Daglegur skammtur: 0,45-1 kg / 100 kg lífþunga á dag

# PAVO 18PLUS

◆ Múslí ■ Grunnfóðrun
+ Orkustig ● Lágt í sykri ●● Sterkja
● Hátt í trefjum ● Hafralaust

## 15 kg *BTR10063*

Pavo 18Plus er múslífóður sem hefur allt sem til þarf fyrir eldri hesta.

Fóðrið inniheldur mikið af auðmeltanlegum trefjum sem hjálpar eldri hestum þar sem meltingarkerfið verður minna skilvirkt með aldrinum. Inniheldur nauðsynlegar amínósýrur til að viðhalda vöðvum og góðu formi.

Fóðrið inniheldur einnig auka magn ómega 3 og ómega 6 fitusýra, heppilegt hlutfall kalks og fosfórs, afoxandi efni sem styðja við ónæmiskerfið auk heppilegs hlutfalls vítamína og steinefna fyrir þennan aldurshóp.

Inniheldur litla fóðurköggla sem auðvelt er fyrir hesta með tannvandamál að innbyrða.

Hægt er að gefa fóðrið þurrt eða bleyta upp í því fyrir gjöf.




- Fóðurbætir sem sérstaklega er ætlaður eldri hestum sem enn eru í mikilli þjálfun eða hestum sem eru of léttir
- Próteinríkt og ríkt af auðmeltanlegum trefjum

**Notkun**
Daglegur skammtur: 300 g /100 kg lífþunga á dag

---

# PAVO FIBREBEET

◆ Kögglar ■ Grunnfóðrun ■ Álags- og keppnisfóðrun
++ Orkustig ● Lágt í sykri ● Sterkja
● Hafralaust ● Gefist blautt

## 15 kg *BTR10069*

Sérstaklega þróað fyrir hesta í slæmu líkamlegu ástandi en hentar einnig hestum sem eiga erfitt með að byggja upp vöðvamassa. Hentar einnig vel til gjafar ef gróffóður er af lágum gæðum.
Fóðrið er samsett úr sykurrófuhrati, refasmára og auðmeltanlegum trefjum sojahýðis, með ögn af grikkja-smára. Þökk sé hágæða próteini refasmárans er Fibre-Beet fullkomin viðbót við gróffóður til að bata grönn hross. Pavo FibreBeet inniheldur enga kornvöru og er lágt í sykri og sterkju svo það hentar einnig vel hestum sem eru viðkvæmir fyrir sykri.




- Styður vöðvauppbyggingu og endurheimt eftir átök
- Hentar einkar vel hestum eftir erfiðar æfingar, fyrir eldri hesta, eða þá sem eru í slæmu líkamlegu ástandi
- Hentar fyrir hesta sem eiga erfitt með að byggja upp vöðvamassa

**Notkun** Blandið í hlutföllunum 1:3 og látið standa í 15 mín ef heitt vatn er notað til blöndunar en 45 mín ef kalt vatn er notað til blöndunar.

# PAVO SLOBBERMASH

◆ *Múslí* ■ *Grunnfóðrun* ■ *Álags- og keppnisfóðrun*
++ *Orkustig* ⊖ *Lágt í sykri* ●●● *Sterkja*
● *Gefist blautt*

## 15 kg *BTR10067*

Pavo SlobberMash er fóðurbætir, sem þarf að blanda með heitu vatni. Hann er sérlega hentugur fyrir vandláta hesta í keppni og fyrir eldri hesta með tannvandamál. Pavo SlobberMash er hentugt til að gefa t.d. eftir lasleika, eftir erfiða þjálfun eða sem valmöguleika til þess að gera fóðrun hestsins fjölbreyttari. Mikið magn af hörfræjum hefur góð áhrif á feldinn, styður heilbrigt meltingarkerfi og dregur úr hættu á hrossasótt.




- Fóður sem auðvelt er að útbúa fyrir hestinn, ríkt af vítamínum og steinefnum
- Inniheldur mikið af höfrum og hveitiklíði og viðbótar-magn af C-vítamíni
- Lystugt fóður sem hjálpar til við meltinguna og dregur úr hættu á hrossasótt
- Hentar fyrir vandláta hesta

**Notkun**
Til viðbótar öðru fóðri 200 g / 100 kg lífþunga á dag. Blandið 1:2 við sjóðandi vatn en passið að hitastig við gjöf skal vera við líkamshita.

---

# PAVO SPEEDIBEET

◆ *Flögur* ■ *Grunnfóðrun* ■ *Álags- og keppnisfóðrun*
+++ *Orkustig* ⊖ *Lágt í próteini* ⊖ *Lágt í sykri*
⊕ *Hátt í trefjum* ● *Hafralaust* ● *Gefist blautt*

## 15 kg *BTR10070*

Pavo SpeediBeet er trénisríkur fóðurbætir sem eingöngu er unninn úr sykurrófuhrati og er án melassa. Sykurrófu-flögurnar eru sérmeðhöndlaðar og blotna því hratt upp og eru tilbúnar til fóðrunar á 10 mínútum.

Fóðrið er góður orkugjafi sem miðlar orkunni hægt en örugglega til hestsins. Hentar einkar vel hestum sem eru viðkvæmir fyrir hófsperru og ofþjálfunareinkennum.




- Inniheldur hátt hlutfall trénis sem er auðmeltara en fyrirfinnst í t.d. heyi.
- Er mjög góður orkugjafi sem miðlar orkunni hægt en örugglega til hestsins og hefur jafnframt jákvæð áhrif á góðgerlaflóru í meltingarvegi

**Notkun**
25-400 g / 100 kg lífþunga á dag, eftir aðstæðum.
Blandað við vatn í hlutföllum 1:3. Má ekki gefa þurrt!

# PINK MASH

**15 kg** ***85600***

Kögglar · Grunnfóðrun · Álags- og keppnisfóðrun
+ Orkustig · Lágt í sykri · Sterkja · Hátt í trefjum
Hafralaust · Góðgerlabætt · Gefist blautt

Pink Mash rauðrófukögglarnir eru sérsniðnir til að bæta meltingu og draga úr magavandamálum hrossa.

Pink Mash er lystugt blautfóður sem leggur til hátt hlutfall meltanlegs gæðatrénis sem ásamt rauðrófum og hörfræi skapa blöndu sem styður við heilbrigði hestsins.




- Pink Mash dregur úr ónotum í maga og hefur jákvæð áhrif á örveruflóru í smáþörmum
- Lystugt en inniheldur lágt sykur- og sterkjuinnihald auk góðgerla og góðgerlaörvandi efni sem draga úr áhrifum skaðlegra örvera í meltingarvegi
- Heppilegt fyrir hesta sem glíma við helti og hófsperru
- Inniheldur hörfræ sem eru rík af Omega 3 fitusýrum

**Notkun**
Blandið 1 hluta köggla við 2-3 hluta vatns og látið liggja í 10 mínútur fyrir gjöf. Notist innan 2ja tíma frá blöndun og tryggið gott aðgengi að hreinu drykkjarvatni. 100-500 g / 100 kg lífþunga á dag.

---

# HAFRAR

***BU1S003 / BU1S004***

Heilkorn · Grunnfóðrun
+++ Orkustig · Lágt í sykri · ●●● Sterkja

Löng hefð er fyrir því að fóðra hross á höfrum samhliða gróffóðri. Hafrar eru mjög lystugir, trénisríkir og hæfilega orkumiklir.

Hafrar eru auðmeltanlegri og próteinríkari en aðrar korntegundir.




**Pavo hafrar heilir 20 kg** ***BU1S003***
**Valsaðir hafrar 10 kg** ***BU1S004***

- Hafrar innihalda hátt hlutfall sterkju sem er meltanleg í meltingarvegi hesta ólíkt t.d. hveiti, byggi og maís.
- Pavo hafrarnir eru hreinsaðir og afhýddir þar sem hýðið getur valdið ertingu á veggjum smáþarma.

**Notkun**
Hafrar gefa mjög hraðnýtanlega orku og er því ekki mælt með meiru en 1 kg í mál og að hámarki 1-2 kg á dag.

# FRJÓSEMI, GANGMÁL OG UPPELDI

- Hár dagskammtur af E-, C- og B-vítamínblöndu hefur jákvæð áhrif á frjósemi hryssa og stóðhesta
- Folaldamjólkurduft er ætlað folöldum sem ekki fá nægt magn kaplamjólkur, t.d. móðurlausum folöldum eða þegar hryssan mjólkar of lítið eða er sjálf að glíma við veikindi
- Meltingakerfi ungra folalda er mjög viðkvæmt og tekur efnasamsetning duftsins tillit til þess sem og mikilla orkuþarfa
- Ákveðnir kögglar fullnægja fóðurþörfum hjá trippum, mjólkandi hryssum og stóðhestum undir miklu álagi

***ATHUGIÐ - til að gæti jákvæðra áhrifa á frjósemi þarf að gefa bætiefni daglega a.m.k. í 3 vikur***

## PAVO PODOGROW

*Kögglar · Uppeldisfóðrun · ++ Orkustig · Sterkja · Hafralaust*

**20 kg** ***BTR10065***

PAVO PodoGrow er hágæða kjarnfóður fyrir folöld og trippi. PodoGrow hefur einnig reynst einstaklega vel sem kjarnfóður fyrir holdgrönn og orkukræf hross.

- Hentar fyrir unga hesta frá 8-30 mánaða aldurs
- Hentar einnig fyrir holdgrönn og orkukræf fullorðin hross sem erfitt er að koma holdum á.

**Notkun**
0,5-1,5 kg á dag, eftir þörfum.




## PAVO FERTILE

*Kögglar*

**3 kg** ***87223***

Pavo Fertile er fóðurbætir sérstaklega ætlaður ræktunarhryssum. Pavo Fertile getur aukið sýnileika gangmála hjá hryssum og aukið líkur á að þær festi fang. Pavo Fertile inniheldur hátt hlutfall af E-vítamíni, C-vítamíni og B11-vítamíni (fólínsýru) sem eru mikilvæg þegar kemur að frjósemi.




- Styður við frjósemi hryssa
- Styður við þroskun á heilbrigðu eggbúi
- Ýtir undir skýrari merki gangmála hjá hryssum

**Notkun** 16,5 g / 100 kg lífþunga á dag frá því þremur vikum fyrir að hryssan gangi og 10 dögum fram yfir þann tíma.

# PAVO FOLALDAMJÓLK

◆ *Duft* ■ *Uppeldisfóðrun*

**10 kg** *87224*




Pavo Folaldamjólk er kjörinn staðgengill fyrir hryssumjólk þegar svo ber til að folöld eru móðurlaus eða hryssa mjólkar ekki nægjanlega. Kaplamjólk er óvenjuleg vegna mikils sykurinnihalds. Kúamjólk er mjög frábrugðin kaplamjólkinni og því ekki heppileg fyrir folöld.

Pavo Folaldamjólk er samsett miðað við efnahlutföll kaplamjólkur og hentar því folöldum. Folöld sem fá Pavo Folaldamjólk munu taka eðlilegum þroska og vexti og mjólkurduftið getur því að fullu komið í stað móðurmjólkur.

**Notkun** 100 g dufts á móti 1000 ml vatns. Nauðsynlegt er að kynna sér vel notkunarleiðbeiningar áður en varan er notuð.

# PAVO S.O.S. KIT

◆ *Duft* ■ *Uppeldisfóðrun*

**1 x 150 g / 2 x 150 g** *87223*




Pavo S.O.S. neyðarpakkinn er einfaldur í notkun og nauðsynlegur ef folöld geta ekki fengið broddmjólk.

Inniheldur þurrkaðan brodd, byrjunarskammt af folaldamjólk og pela ásamt ítarlegum notkunarleiðbeiningum.

- Folaldabroddur leggur nýju folaldi til lífsnauðsynlega mótefnavaka
- Folaldamjólkin er sérlöguð að þörfum folalda og líkir eftir kaplamjólk.
- Peli með túttu fylgir
- Allt sem þú þarft fyrstu dagana til að annast nýja folaldið

**Notkun**
Fylgið meðfylgjandi leiðbeiningum vandlega.

# PAVO COLOSTRUM

◆ *Duft* ■ *Uppeldisfóðrun*

**150g** *87222*




Pavo Colostrum broddur inniheldur ríkulegt magn mótefnavaka sem verja folaldið sýkingum og heilsukvillum á fyrstu mánuðum ævinnar.
Nota skal broddinn ef folald fær ekki nægjanlegt magn frá móður, t.d. ef hryssa drepst eða veikist við köstun.

- Leggur folöldum til mikilvæga mótefnavaka
  Tryggir uppbyggingu viðnáms og lífsþróttar á náttúrulegan hátt
- Örvar þroska meltingarvegar
- Fljótlegt og auðvelt að blanda og hefur gott geymsluþol

**Notkun**
Fylgið meðfylgjandi leiðbeiningum vandlega.

# BLUE HORS TASTY TREATS

◆ *Kögglar*

**1 kg** ***BLUE40-110***

Bragðgott og hollt hestanammi úr korn- og jurtablöndu sem inniheldur meðal annars kamillu, salvíu, heslihnetur og netlu.

Hollt góðgæti fyrir hesta.

- Bragðgott hestanammi úr korn- og jurtablöndu. Inniheldur refasmára (alfalfa)




---

# DELIZIA HESTANAMMI

◆ *Kögglar*

**1 kg** ***AK325007*** **/ 3 kg** ***AK325008***

Bragðgott hestanammi með eplabragði

- Framleitt úr hágæðakornvöru með náttúrulegu innihaldi steinefna og vítamína.




---

# STUDMUFFINS

◆ *Kökur*

**15 stk.** ***WH1570100***

Stud Muffins hestanammið eru mjúkar kökur sem eru næringarríkar og afar lystugar.

Kökurnar innihalda meðal annars grikkjasmára, hörfræ og heilhveiti.

15 stk. pakkningin er 410g.



# LEOVET - EPLI OG RAUÐBEÐUR

◆ Kögglar

**1kg** *LV120576*

Leovet hestanammið Leoveties kemur nú í umbúðum sem má henda beint í lífrænt rusl/moltu.

Blandan inniheldur epli, spelthveiti og rauðbeður og er lystugt og hollt hestanammi.

- Epli – náttúruleg uppspretta steinefna og ávaxtasýra sem ýta undir heilbrigði hestsins þíns
- Spelthveiti – hefur jákvæð áhrif á meltingu og þol
- Rauðbeður – orkubolti sem inniheldur vítamín og steinefni




---

# LEOVET - GULRÆTUR, MANGÓ OG RÓSALDIN

**1kg** *LV120574*

◆ Kögglar

Leovet hestanammið Leoveties kemur nú í umbúðum sem má henda beint í lífrænt rusl/moltu. Leoveties inniheldur gulrætur, mangó og rósaldin og er lystugt og hollt hestanammi.

- Gulrætur – með miklu magni af dýrmætu beta-karótíni fyrir fallegan, glansandi feld, heilbrigða húð og sterka hófa
- Mangó – hressandi og hollt
- Rósaldin – nauðsynleg efni og steinefni frá A-Z í föstu formi. Gagnlegt fyrir ónæmiskerfið.






# HESTASTEINN

**3x 2 kg** ***82806*** **/ 10 kg** ***82810***




Vítamín og steinefnabættur saltsteinn fyrir hesta. Inniheldur m.a. bíótín til að styrkja hófa og hárafar, auk selens og E-vítamíns til viðhalds vöðva og styrkingar ónæmiskerfisins. Gerður úr náttúrulegu salti, auðgaður með stein- og snefilefnum, ásamt vítamínum.

- Steinninn inniheldur bíótín og lífrænt selen
- Bíótín er mikilvægt fyrir frumuefnaskipti og hefur jákvæð áhrif á hófa og hárafar
- Meðal saltþörf fullorðinna hrossa er um 20-30 g á dag

---

# ALHLIÐASTEINN

**3x 2 kg** ***82706*** **/ 10 kg** ***82710***




Mikilvægt er að hross hafi ávallt aðgang að salti en meðal saltþörf fullorðinna hrossa er um 20-30 g á dag. Saltskortur getur t.a.m. aukið nag á timbri, minnkað fóðurnýtingu, valdið lystar- og úthaldsleysi og valdið úfnu hárafari.

Eftir langvarandi saltskort getur saltát hrossa verið umfram þarfir og jafnvel við hættumörk og ætti því að takmarka aðgang að saltsteini fyrst um sinn.

- Saltsteinn sem er framleiddur úr náttúrulegu salti án aukaefna
- Veðurþolinn og hentar fyrir allan búfénað

---

# FW STEINEFNASTEINN

**2x 10 kg** ***82310***



FW steinefnasteinn inniheldur helstu steinefni og er góð uppspretta nauðsynlegra stein- og snefilefna fyrir sauðfé og nautgripi, þ.á.m. joð, selen o.fl.

Steinninn er koparsnauður og hentar því sauðfé.

- Saltsteinninn er lystugur og veðurþolinn og nýtist því við fjölbreyttar aðstæður, t.d. í beitarhólf og útigerði
- 2 x 10 kg steinar saman í pakka

# HIMALAYA SALTSTEINN

**ca. 2,5 kg** ***82410***



Himalaya saltsteinn er bætiefnasteinn sem inniheldur náttúruleg stein- og snefilefni fyrir hross. Steinninn er unninn úr náttúrulegum tilhöggnum 550 milljón ára saltsteini úr Himalayafjöllum.

Hinn einkennandi litur saltsteinsins stafar af steinefnum á borð við járn, kalí og magnesíum sem öll eru lífsnauðsynleg fyrir hesta.

- Náttúruleg stein- og snefilefni
- Saltsteinninn er harður sem veldur því að ekki er hægt að bíta af honum stykki
- Veðurþolinn og hentar vel í stíur, gerði eða á útisvæðum

---

# HESTAFATA

**20 kg** ***SNS658L***




Hestafata er stein- og bætiefnafata fyrir hesta sem inniheldur ríkulegt magn af steinefnum, snefilefnum og vítamínum og er framleidd með tilliti til íslenskra aðstæðna.

Fatan inniheldur umtalsvert magn snefilefna sem óráðlegt er að gefa í miklu magni. Frjáls aðgangur að fötunni getur því verið varasamur, sérlega á húsi.

Hentugur steinefna -og vítamíngjafi fyrir útigangshross.

---

# HESTAFATA MEÐ HVÍTLAUK

**20 kg** ***SNS658LG***




Hestafata með hvítlauk er stein- og bætiefnafata fyrir hesta sem inniheldur ríkulegt magn af steinefnum, snefilefnum og vítamínum. Fatan inniheldur hvítlauk og er hentug til notkunar hvort sem er utan- eða innandyra. Hvítlaukurinn virkar fælandi á flugur og mý.

Fatan inniheldur umtalsvert magn snefilefna sem óráðlegt er að gefa í miklu magni. Frjáls aðgangur að fötunni getur því verið varasamur, sérlega á húsi.

Hentugur steinefna -og vítamíngjafi fyrir útigangshross.

# VÍTAMÍN OG STEINEFNI

- Steinefni: kalsíum, fosfór, magnesíum, kalíum, natríum, klór, brennisteinn
- Snefilefni: járn, kopar, sink, selen, mangan, joð, kóbalt
- Grunnfóður er ekki nóg til að fullnægja þörfinni
- Þörfin eykst með álagi og hjá fylfullum merum
- Til eru tilbúnar blöndur kjarnfóðurs, vítamína og stein- og snefilefna
- Flestar gerðir af múslí, kögglum eða bleyttu fóðri innihalda stein- og snefil-efnaforblöndu sem fullnægja þörfunum þegar gefinn er ákveðinn dagsskammtur

***ATHUGIÐ - óblandað korn eins og hafrar og bygg innihalda of lítið af stein- og snefilefnum til að fullnægja fóðurþörf***

## RACING MINERAL

Kögglar

**10 kg** ***85540***




Racing Mineral er köggluð steinefnablanda sem uppfyllir þarfir hestsins fyrir öll steinefni, vítamín og snefilefni sem hann þarfnast, að frátöldu salti.

Mörg þessara efna tapast með svita og eru því mjög nauðsynleg fæðuviðbót fyrir hross í mikilli þjálfun.

Þetta er frábær kostur fyrir kröfuharða hestaeigendur sem vilja ná fram því besta í hestinum.

- Inniheldur öll nauðsynleg steinefni, vítamín og snefilefni sem hestar þarfnast

## PAVO VITAL

Kögglar

**8 kg** ***BTR10072***




Pavo Vital fóðurbætir er lystugur, köggglaður steinefna- og vítamíngjafi unninn úr 100% náttúrulegu hráefni og án ónauðsynlegra auka-efna.

Inniheldur hagstæð hlutföll vítamína, stein- og snefilefna og inniheldur hvorki kornvöru né melassa.

- Pavo Vital er einstakur að samsetningu vegna kopars og sinks á Intellibond formi sem leysist upp í maga en ekki í munni. Þetta gerir það að verkum að kögglarnir eru mun lystugri en ella.
- Kjörin blanda ef hestar fá lítið kjarnfóður að öðru leyti

# BLUE HORS MINERAL CUBES

◆ *Kögglar*

**10 kg** *BLUE40-105*

Vítamín- og steinefnabættir fóðurkubbar sem styðja við almennt heilbrigði og frammistöðu og henta við ýmsar aðstæður.




- Vítamín- og steinefnabættir fóðurkubbar fyrir hesta
- Styður við heilsu, frjósemi og frammistöðu hrossa
- Hægt að nota allt árið um kring, á húsi og í hagabeit
- Auðvelt að gefa útivið og hentar vel fyrir folaldshryssur

# BLUE HORS MULTI FEED

◆ *Vökvi*

**1 l** *BLUE40-108* / **5 l** *BLUE40-102* / **20 l** *BLUE40-103*

Multi Feed er sterk vítamín- og steinefnablanda í vökvaformi sem hentar vel sem fóðurbætir til daglegrar notkunar fyrir keppnis- og reiðhestinn.

Inniheldur meðal annars selen, magnesíum og önnur snefilefni sem eru nauðsynleg fyrir eðlilega vöðvastarfsemi




# BLUE HORS FERRO SUPPORT

◆ *Vökvi*

**1 l** *BLUE40-130* / **5 l** *BLUE40-131*

Ferro Support er lausn rík af járni og öðrum bætiefnum sem styðja við myndun rauðra blóðkorna og hentar því vel fyrir hesta sem eru lagir í blóði (hemoglobin).

Lágt hlutfall blóðrauða skerðir flutning súrefnis til vöðva og takmarkar þar með afkastagetu hestsins.




- Mælt með fyrir keppnishesta undir álagi, ung hross í byrjun þjálfunar eða sem aðstoð við fóðurbreytingar
- Styður við flutning súrefnis til vöðva

# BLUE HORS COPPER SUPPORT

◆ *Vökvi*

**1 l** ***BLUE40-132***

Fljótandi bætiefni sem inniheldur kopar og mangan sem bundið er við amínósýrur til að auðvelda upptöku þeirra og gera þau lystugri. Inniheldur einnig E-vítamín, bíótín og B12-vítamín.




- Lífrænt koparbætiefni á fljótandi formi, fyrir ræktunarhryssur, folöld og keppnishesta
- Notað þegar daglegt fóður inniheldur ekki nægilegt magn kopars

# LIQVITA ADE 60

◆ *Vökvi*

**5 l** ***86170*** **/ 15 l** ***86180***




Liqvita ADE 60 er fljótandi vökvi sem inniheldur selen, A-, D- og E-vítamín. Varan hefur reynst mjög vel við selen- og vítamínskorti í öllu búfé. Varan hentar bæði folöldum og fullorðnum hrossum. Selen hefur áhrif á fósturþroska og vöðvaþroska alls ungviðis. A-, D- og E-vítamín eru fituleysanleg vítamín, þannig að þau skiljast ekki út jafnóðum og nýtast því í einhvern tíma eftir að inngjöf er hætt.

- Auðvelt í notkun, hægt að bæta út í drykkjarvatn eða hella yfir gróffóður
- Stuðlar að bættri frjósemi og minni fósturdauða
- Auðugt af seleni

# BLUE HORS VENTILATOR

◆ *Vökvi*

**1 l** ***BLUE40-214***

Ventilator er bragðgott og lystugt síróp sem virkar frískandi fyrir andardrátt hesta.

Inniheldur blöndu af C-vítamíni, hunangi og ilmkjarnaolíum sem eru vel þekktar fyrir að auka loftflæði.




- Ventilator getur hjálpað til við að auka loftflæðið um öndunarfæri hestsins og getur þannig aukið afkastagetuna
- Sírópið er bragðgott og því auðvelt að gefa það

# HÓFAR OG HÁRAFAR

- Sink- og bíótínblöndur hafa mest áhríf á hófa og hárafar
- Gjöf á heyi og rúlluheyi dugar ekki til að fullnægja sinkþörf
- Sink er mikilvægt efni í sambandi við ýmis húð-, hár- og hófavandamál
    - Múkk, lús, hnjúskar, sveppasýkingar, lélegur hófvöxtur o.fl.
- Sinkþörf er meiri þegar húðsjúkdómar herja á

***ATHUGIÐ að lítil hætta er á ofskömmtun á sinki***

## BLUE HORS BIOTIN COMPLEX

◆ *Duft*

**1,5 kg** ***BLUE40-137***

Biotin frá Blue Hors er í duftformi og er ríkt af bíótíni og sjö öðrum bætiefnum m.a. DL meþíónín, sinki og kopar.




- Bíótín styrkir uppbyggingu hófhornsins og þar með vaxtarhraða
- Eykur feldgæði og styrkir hár og hornvöxt

## PAVO BIOTINFORTE

◆ *Kögglar*

**3 kg** ***87200***

Pavo BiotinForte styrkir hófa og bætir hárafar hestsins. Lélega hófabyggingu má helst bæta með markvissri, langtíma fóðrun.

Bestur árangur næst ef Pavo BiotinForte er gefið í allt að fjóra mánuði í senn.




- BiotinForte inniheldur öll helstu bætiefni fyrir hófa s.s. mikið magn af bíótíni, amínósýrum, lesitíni, kopar, sinki og mangan
- Hentar fyrir alla hesta með lélega hófa en styrkir einnig góða hófabyggingu

# BLUE HORS ORGANIC ZINK

◆ *Duft*

**1 kg** ***BLUE40-511***

Blue Hors Organic Zink inniheldur sink og kopar á lífrænu formi sem frásogast auðveldlega í líkama hestsins. Það inniheldur ger og trefjar sem hjálpa til við meltingu og geta styrkt ónæmiskerfið.

Hentar vel fyrir hesta með húðvandamál. Sinkskortur getur komið fram í því að hestar verði taugatrekktir eða viðkvæmir.

- Hentar vel fyrir hesta sem eru með húðvandamál, eru hvumpnir eða viðkvæmir
- Kurl með eplabragði




# LEOVET BÍÓTÍN

◆ *Vökvi*

**1 l** ***LV100781*** **/ 2,5 l** ***LV20922***

Bíótín ZM er fljótandi sérfóður fyrir hross.

Ríkt af B-vítamíninu bíótín, sinki og amínósýrunni meþíónín.

- Ýtir undir heilbrigðan hár- og hófvöxt og efnisbetri hóf
- Kemur jafnvægi á fóðrunina og hindrar næringarskort sem orsakar viðkvæma og stökka hófa




# KEVIN BACON'S HOOF FORMULA

◆ *Kögglar*

**5 kg** ***OJKEV-5000***

Kevin Bacon's Hoof Formula er einstök blanda, sérþróuð til að auka vöxt og styrk hófa. Hoof Formula er fæðubótarefni sem inniheldur kjörmagn af jurtapróteinum, vítamínum, snefilefnum, amínósýrum, steinefnum, góðgerlum og MSM.

Blandan stuðlar að hámarksárangri hestsins. Mælt er með notkun þess með fóðri sem samanstendur af hvort tveggja heyi og kornmeti.

- Blandan er sérþróuð til að auka vöxt og styrk hófa
- Inniheldur ríflegt magn bíótíns og A-vítamíns



# MELTING OG GÓÐGERLAR

- Hestur á útigangi étur í 12-20 tíma á sólarhring
  <> hestar á húsi eru á takmarkaðri fóðurgjöf 2-3x á dag
  - Aukaálag verður á meltingarveg vegna sveltitímabila milli gjafa
- Góðgerlar geta hjálpað til við að fyrirbyggja hrossasótt, niðurgang, meltingarslen og aðrar meltingartruflanir:
  - við fóðurbreytingar
  - undir streitu og miklu álagi , t.d. langir flutningar, útflutningur, keppni, sýningar til að fyrirbyggja og meðhöndla magasár
  - við sýkla- og verkjalyfjameðhöndlun til að minnka áhættu á aukaverkunum vegna lyfjagjafar

***ATHUGIÐ að ekki er hægt að ofskammta góðgerla***

## GASTROFEN

*Góðgerlar* · *Þykkni*

**80 ml** ***MLFP8079***




Gastrofen er góðgerlabætt, fljótandi fóðurbætiefni sem styður við hesta með magasár. Efnið er gert til að draga úr sýringu, vernda magaveggi og styrkja heilbrigði og mótstöðu meltingarvegar.

- Inniheldur duft úr rauðálmsberki sem getur linað sársauka og myndað hjúp á sárum og viðkvæmum magavef
- Inniheldur fjölmarga efnaþætti sem gera magaumhverfið basískara og styðja við magaslímhúðina
- Gastrofen inniheldur góðgerla og góðgerlabætandi fjölsykrur sem bæta samkeppnisstöðu hagstæðra gerla í meltingarvegi og styrkja mótstöðu meltingarvegar
- Glýserín, þaraextraxt, E-vítamín og amínósýran þreonín styðja við slímhimnur á ólíkum svæðum meltingarvegar

## PROTEXIN ACID EASE

*Góðgerlar* · *Duft*

***1,5 kg DIFE1015 / 3 kg DIFE1016***




Protexin Acid Ease er lystugt duft til að gefa út á fóður. Það gagnast hestum sem eru með magabólgur eða óþægindi vegna þátta sem geta leitt til magasára.

Acid Ease dregur úr sýrumyndun og styrkir heilbrigða örveruflóru.

- Góðgerlar sem koma jafnvægi á örveruflóru í meltingarvegi
- Inniheldur efnasambönd sem draga úr sýrumyndun
- Inniheldur L-þreónín - amínósýru sem styrkir frumulagið í veggjum meltingarfæra og ver þau gegn skaða.
- Inniheldur trefjar sem bæta meltingu, refasmára, psyllium og pektín

# PROBIO FORTE

● *Góðgerlar* ◆ *Duft*

**1 kg** ***MLFP8060***

Fóðurbætiefni fyrir hesta sem leggur til vítamín, næringarefni og góðgerla sem styðja við starfsemi meltingar og magaheilbrigði.




- Styður við magastarfsemi hesta og gagnast einkum ef magastarfsemin hefur raskast, meltingartruflanir steðja að eða þegar streita og álag er mikið
- Inniheldur þreónín, B-vítamín, E-vítamín og C-vítamín, allt þættir sem styðja við magaheilbrigði og almennan viðnámsþrótt

# PROBIO EQUINE

● *Góðgerlar* ◆ *Þykkni*

**30 ml** ***MLFP8049***

Fóðurbætiefni á fljótandi formi fyrir hesta sem leggur til vítamín, næringarefni og góðgerla sem styðja við starfsemi meltingar og magaheilbrigði. Nýtist við að koma jafnvægi á iðraflóru og meltingu þegar maga- og meltingartruflanir eða streita gera vart við sig




- Fóðurbætiefni á fljótandi formi fyrir hesta sem leggur til vítamín, næringarefni og góðgerla sem styðja við starfsemi meltingar og magaheilbrigði
- Nýtist einnig í kjölfar ormahreinsunar eða meðan á meðferð hjá dýralækni stendur
- Gott að nota til gjafar ef hrossasótt gerir vart við sig eða við skitu eða meltingartruflunum

# PROTEXIN GUT BIND

● *Góðgerlar* ◆ *Þykkni*

**30 ml** ***DIFE1014***

Protexin Gut Bind er þykkni sem inniheldur góðgerla, góðgerlabætandi efni, kaólín og pektín ætlað til stuðnings þörmum hesta og folalda í tveggja daga kúr. Kaólín er náttúrulegt bindiefni sem hjálpar til við að gera hægðir þéttari og pektín mildar særindi í magaslímhimnum.




- Leggur til mikilvægar fitusýrur og góðgerla sem styðja við örflóru magans og leggja til lífnauðsynlegar amínósýrur, vítamín á borð við B6-vítamín og mikilvæg steinefni á borð við járn og magnesíum
- Góðgerlanir styðja einnig við meltingu trefja og auka aðgengilega, góða orku úr fóðrinu

## PROTEXIN QUICK FIX

● *Góðgerlar* ◆ *Þykkni*

**30 ml** ***DIFE1005***

Quick Fix kemur í 30 ml fjölskammtatúpum til að skammta um munn.




Um er að ræða túpur sem innihalda háan styrk Protexin góðgerla og góðgerlabætis.

- Hentar fyrir órólega hesta sem eru næmir fyrir streitu
- Hentar vel til að styrkja hross í kjölfar orma- eða sýklalyfjagjafar með 6 daga meðferð

## PROTEXIN GUT BALANCER

● *Góðgerlar* ◆ *Duft*

**700 g** ***DIFE1011***

Protexin Gut Balancer er stuðningur við vel samsett fóður með því að leggja til lykilnæringarefni og bæta virkni meltingar. Gut Balancer inniheldur lystuga góðgerla og einstæða tvívirka blöndu góðgerlabætandi efna sérstaklega þróaða fyrir hesta. Notið daglega fyrir almenna velferð.




- Inniheldur fjölda lífsnauðsynlegra amínósýra, vítamína og mikilvæg steinefni á borð við járn og magnesíum
- Styður við meltingu trefja og eykur þar með aðgengilega, góða orku úr fóðrinu

## PROTEXIN FIFTEEN PLUS

● *Góðgerlar* ◆ *Duft*

**900 g** ***DIFE1020***

Fifteen Plus er breiðvirkt fóðurbætiefni fyrir eldri hesta, sem styður við heilbrigði meltingarvegar, ónæmiskerfis og liða.




Hentar öllum eldri hestum hvort sem þeir eru enn í virkni, reglubundinni þjálfun og vinnu eða bara í rólegheitum að njóta efri áranna.

- Inniheldur góðgerla, lífsnauðsynlegar amínósýrur, vítamín og steinefni
- Inniheldur einnig góðgerlabæti sem styður við hagstæða þarmaflóru
- Styður við ónæmiskerfi, heilbrigði hófa og liða og bætir þarmaflóru

# BLUE HORS GASTROLAR

*Duft*

**2,7 kg** ***BLUE40-512***

Gastrolar hentar fyrir hesta með viðkvæma slímhúð í maga. Hjálpar til við að bæta meltingu og þarmaflóru.

Sambland af meltanlegum kartöflutrefjum, lesitíni, inúlíni, gerjuðu geri og B-vítamíni.

Mælt er með því að ráðfæra sig við dýralækni um notkun.

- Hentar sérstaklega vel fyrir hesta með viðkvæma slímhúð í maga.




# PAVO HEALTHBOOST

*Kögglar*

**8 kg** ***BTR10073***

Fóðurbætir fyrir hesta sem inniheldur mikið úrval vítamína, andoxunarefna og góðgerlabætandi efna.

Hefur styrkjandi áhrif á ónæmiskerfi hestsins.




- Kraftmikið heilsuskot sem hentar einstaklega vel eftir veikindi eða erfitt tímabil
- Styður ónæmiskerfi hestsins og meltingu
- Inniheldur vítamín, góðgerla og náttúruleg andoxunarefni

# PAVO GUTHEALTH

*Góðgerlar* *Kögglar*

**7,5 kg** ***BTR10071***

Góðgerlabættur fóðurbætir fyrir hesta með meltingarvandamál eða viðkvæman maga.

Inniheldur 100% náttúruleg efni sem tryggir að æskilegir gerlar í smáþörmum og ristli fá hámarks stuðning til að hindra aðgang óæskilegra baktería að meltingarvegi hestsins.




- Styður við heilbrigða meltingarstarfssemi hestsins og kemur jafnvægi á gerlaflóru meltingarvegarins
- GutHealth inniheldur eplahrat og sykurrófuhrat, sem auka bindingu vatns í meltingarveginum og verja innra byrði þarmanna

# BLUE HORS HIP C - BOOST

Duft

**1,5 kg** ***BLUE40-185***

Blue Hors Hip C styrkir ónæmiskerfið og ýtir undir heilbrigða meltingu með trefjum og ávaxtasýrum. Hip C inniheldur mikið af beta-karotíni, C-vítamíni og steinefnum. Mælt er með því að nota Hip C gegn streitu, við erfiða þjálfun, fyrir ræktunarhryssur, gegn veiku ónæmiskerfi og þegar framleiðsla C vítamíns er lág.




Rósaldin eða rósanýpa er ávöxtur sem inniheldur hátt hlutfall C-vítamíns og beta-karótíns. Hip C inniheldur hýði og fræ sólþurrkaðs hágæða rósaldins í duftformi, blandað með hreinu C-vítamíni. Bíoflavóníð í rósaldini ýtir undir upptöku C-vítamíns og C-vítamín styrkir ónæmiskerfið, eykur upptöku járns, hraðar gróanda í sárum og auðveldar líkamanum bein- og bandvefjavöxt.

---

# BLUE HORS PSYLLIUM HUSK

Duft

**3 kg** ***BLUE40-156***

Psyllium Husk inniheldur mikið magn trefja en fáar hitaeiningar.

Psyllium Husk hjálpar til við að viðhalda heilbrigðri meltingarstarfsemi, lækkar insúlín og glúkósa í blóði heilbrigðra hesta eftir máltíðir og eykur þéttni hægða.




- Psyllium husk gagnast þegar losa þarf sand úr meltingarvegi.
- Til að fyrirbyggja stíflumyndun vegna sandsöfnunar.

## ÓNÆMISKERFI

- Efni sem hafa jákvæð áhrif á ónæmiskerfi eru m.a. B-vítamín, andoxunarefni eins og C- og E-vítamín, góðgerlar og snefilefni (t.d. selen og sink)
- Ónæmiskerfið er mjög viðkvæmt í hestum og getur farið úr jafnvægi sem er oft erfitt að greina
  - undir streitu og miklu álagi, t.d. langir flutningar, útflutningur, keppni, sýningar
  - fóðurbreytingar
  - ofnæmi, t.d. fyrir flugnabitum eða frjókornum
  - umhverfisbreytingar, t.d. ef glímt er við nýtt smit í öndunar- eða meltingavegi, múkk, lús eða sveppasýkingu
  - mikið ormasmit í sveltihólfum, litlum gerðum eða ofbeittum túnum
  - glímt við undirliggjandi eða bráða sjúkdóma, t.d. hófsperru, lungnabólgu, niðurgang
  - efnaskortur, vatnsskortur, svelti
    - neikvæð áhrif á blóðkornabúskap hvítra og rauðra blóðkorna

***ATHUGIÐ - stærsti hluti ónæmiskerfis hestsins er meltingarvegurinn og húðin***

# OLÍUR, LÝSI OG OMEGA

- Jurtaolíur (repju, sólblóma, hörfræ og fl.) eru góður orkugjafi sem þarf að gefa í frekar litlu magni beint í munn eða með heyi eða fóðurbæti
- Jurtaolíur henta vel sem orkugjafi fyrir viðkvæm hross til þess að bæta holdafar
  - hófsperra, EMS
  - hross undir miklu álagi
  - grönn, veik eða vanfóðruð hross
- Jurtaolíur eru ríkar af mettuðum, ein- og fjölómettuðum fitusýrum
- Smáþarmar: engin gallblaðra, meltir mjög vel jurtafitu
- Lýsi: omega-3 fitusýrur og A og D vítamínrík fiskiolía sem styður gott hárafar og glansandi feld
- Viðbættar olíur við fóðurgjöf hafa ekki neikvæð áhrif á spennustig og lítil hætta er á að hesturinn þrói með sér múkk

***ATHUGIÐ - meðan jurtaolía nýtist vel sem orkugjafi getur ofskömmtun á lýsi (fiskiolíu) valdið hrossum lífshættu***
***> þarmar grasbíta hafa takmarkaða getu til meltingar dýraafurða***

## PAVO OMEGAFIT

◆ Olía

**1 l** ***87295***




Pavo OmegaFit inniheldur hina einstöku nýjung, Ahiflower olíu, sem hefur bætandi áhrif á feld og bólgusvar ónæmiskerfis. Hentar bæði hestum og hundum.

- Hentar til notkunar gegn húð- og feldvandamálum eins og exemi og þurrki
- Hentar fyrir hesta með ónæmisvandamál og styður við almennt heilbrigði
- Hefur bólgueyðandi eiginleika
- Brúsinn er með handhægum skammtara

## PAVO LINSEEDOIL HÖRFRÆOLÍA

◆ Olía

**1 l** ***87300***




Líflaus feldur eða tregða við feldskipti getur verið merki um skort á Omega 3. Omega 3 er mikilvægur þáttur í ástandi heilbrigðs felds. Hesturinn myndar ekki fitusýruna í eigin efnaskiptum, því þarf að leggja hana til með fóðrun. Pavo LinseedOil hörfræolía er rík af Omega 3 og Omega 6 og hjálpar hestinum þínum að glansa sem aldrei fyrr. Eftir tveggja vikna kúr ætti árangurinn ekki að láta á sér standa.

- Hörfræolía sem er rík af Omega 3 og Omega 6
- 100% náttúrulega (kaldpressuð) og kjörin viðbót við daglegt heildarfóður
- Brúsinn er með handhægum skammtara

# BLUE HORS OMEGA ACTIVE

**1 l** *BLUE40-145*

◆ *Olía*

Kaldpressuð hörfræolía rík af omega 3 fitusýrum.

Styður við góða meltingu, heilbrigða húð og gljáandi feld.

- Lausn af hörfræolíu og kalsíumhýdroxíði klýfur langar fitusameindir svo að upptaka eykst verulega




# LÝSI

**5 l** *85705*

◆ *Olía*

Kaldhreinsað fóðurlýsi er náttúruafurð, auðug af A- og D-vítamínum og omega-3 fitusýrum. D-vítamín bætir upptöku kalks úr fóðri og er góður orkugjafi. Lýsi styrkir ónæmiskerfi og getur dregið úr bólgumyndun. Það hefur jafnframt jákvæð áhrif á feld og hárafar.

- Auðugt af A- og D- vítamínum
- Styrkir ónæmiskerfi
- Dregur úr bólgumyndun
- Hefur jákvæð áhrif á feld og hárafar




***Geymið lýsið þar sem hross ná ekki í það. Hættulegt í of stórum skömmtum!***

# REPJUOLÍA MAUREL

**5 l** *85805*

◆ *Olía*

Repjuolía er góður orkugjafi, bæði fyrir hross í léttri og mikilli þjálfun en nýtist einnig til þess að bæta holdafar hrossa. Olían er rík af mettuðum, ein- og fjölómettuðum fitusýrum.

Með olíugjöf er minni hætta á hófsperru og öðrum kvillum sem oft geta fylgt kjarnfóðurgjöf.

- Góður orkugjafi fyrir hross til að bæta holdafar
- Minnkar líkur á hófsperru



# TAUGAR OG ORKA

- Efni sem hafa jákvæð áhrif á taugakerfi: magnesíum, B12-vítamín, B6-vítamín, amínósýran L-tryptofan
  Skortur á þessum efnum getur valdið:
  - vöðvaspennu
  - taugaveiklun, sjónhræðslu
  - skertri vöðavirkni
  - krömpum, vöðvatitringi
- Orkustig hesta er mjög breytilegt á milli einstaklinga og fer m.a. eftir geðslagi, aldri, þjálfunarstigi, vel- eða vanlíðan hestsins, árstíma: hesthúsa-/ útigangstímabili, hreyfingu og ekki síst fóðurgjöf
- Rólyndur hestur getur orðið hressari með réttu vali á orkubættu fóðri
- Spenntur eða stressaður hestur svarar oft vel gjöf róandi bætiefna og réttri orkugjöf t.d. í formi olíugjafa eða trénisríks uppbleytts fóðurs
- Grannur hestur undir miklu álagi (keppni, hestaferð, kynbótasýning) eða stóðhestur í mikilli notkun þarf háa dagskammta af auðmeltanlegu próteini

***ATHUGIÐ - að gefa fóður og bætiefni sem hafa áhrif á orkustig og taugakerfi hestsins á réttum tímapunkti eftir leiðbeiningum > sveiflur í blóðsykri og insúlíni valda tímabundnu orkuleysi***

## BLUE HORS ENERGY BOOSTER

*Þykkni*

**60 ml** ***BLUE40-123***

Energy Booster er fljótvirk próteinviðbót í formi peptíða sem flýta upptöku og nýtingu orkunnar og auka vöðvaþrek.

Energy Booster eykur orku og úthald og hentar því vel fyrir keppni, mikla þjálfun eða ferðalög.




- Einstök og 100% meltanleg próteinuppbót
- Gefið fyrir erfiðisvinnu svosem keppni, hestaferðir og reiðtúra
- Peptíðprótein frásogast mun hraðar og gefur fljótt aukna orku og þol og er áhrifaríkasta leiðin til að fullnægja próteinþörf með mikilli áreynslu

---

## BLUE HORS ENERGY CONTROL PERFORMANCE

**2,8 kg** ***BLUE40-122***

*Duft*

Blue Hors Energy Control Performance er lystugt og auðnýtanlegt orkuefni sem inniheldur orku í réttum hlutföllum til aukningar á úthaldi í keppni og mikilli vinnu.




- Jurtaolíurnar hafa gengist undir ferli sem gerir þær vatnsleysanlegar. Hesturinn getur þannig nýtt orkuinnihald olíunnar með greiðari hætti
- Betri nýting orku skilar sér í stöðugri orku og þreki

# BLUE HORS ENERGY CONTROL DAILY

◆ *Duft*

**2,8 kg** ***BLUE40-515***

Orkugjafi fyrir hesta sem inniheldur valdar jurtaolíur sem hesturinn getur nýtt mun betur en hefðbundnar olíur.




- Jurtaolíurnar hafa gengist undir ferli sem gerir þær vatnsleysanlegar. Hesturinn getur þannig nýtt orkuinnihald olíunnar með greiðari hætti.
- Betri nýting orku skilar sér í stöðugri orku og þreki

# BLUE HORS RELAX

◆ *Vökvi*

**1 l** ***BLUE40-397***

Relax er vökvi ríkur af B-vítamínum og amínósýrunni L-tryptofan sem hefur róandi áhrif á miðtaugakerfið.




- Hentar vel sem fóðurbætir fyrir öra hesta sem hættir við spennu og viðkvæmni
- Eykur athygli og einbeitingu en er ekki slævandi

# BLUE HORS RELAX GEL TÚPA

◆ *Þykkni*

**60 g** ***BLUE40-396***

Relax er gel ríkt af B-vítamínum og amínósýrunni L-tryptofan sem hefur róandi áhrif á miðtauga-kerfið.




- Hentar vel fyrir öra hesta sem hættir við spennu og viðkvæmni.
- Eykur athygli og einbeitingu en er ekki slævandi.

# PAVO NERVCONTROL

◆ *Kögglar*

**3 kg** *87100*




Viðkvæmir hestar geta verið hræddir og taugatrekktir. NervControl hjálpar hestinum að öðlast frið og ró á náttúrulegan hátt.

- Inniheldur virk efni eins og magnesium og L-tryptophan sem eru forstigsefni (pre-cursors) fyrir taugaboðefnið serótónin og bæta boðleiðir innan taugakerfsins
- Taugaboð berast betur og hesturinn verður rólegri og yfirvegaðri en áður. Árangur sést eftir nokkurra daga gjöf.

# BLUE HORS B-EXPRESS

◆ *Vökvi*

**1 l** *BLUE40-160* **/ 5 l** *BLUE40-161*




B-vítamín er oft kallað “stress-vítamínið” og er gott að nota fyrir keppnishesta eða hesta sem sýna einkenni stress og óróleika í nýju umhverfi.

B-Express virkar því einnig vel til að róa niður viðkvæma og/eða sjónhrædda hesta. B-vítamín hjálpar líka hestinum gegnum feldskipti eða þegar eigin framleiðsla B-vítamíns er ónóg.

- Bragðgóð vítamínblanda
- Róar taugatrekkta hesta
- Hjálpar hestinum í gegnum feldskipti

# BLUE HORS B-EXPRESS ZERO

◆ *Vökvi*

**1 l** *BLUE40-163*




B-Express Zero er bragðgott B-vítamín í formi sykurlauss síróps sem hentar vel fyrir hesta sem vantar orku eða til að hjálpa hestinum í gegnum feldskipti. Hentar líka fyrir spennta eða stressaða hesta og hesta í mikilli þjálfun.

- Bragðgóð vítamínblanda
- Róar taugatrekkta hesta
- Hjálpar hestinum í gegnum feldskipti
- Án sykurs

# BLUE HORS MAGNESIUM

◆ *Duft*

**1,5 kg** *BLUE40-522*

Magnesíum er duft ætlað til notkunar þegar fóður er lágt í magnesíum.

Magnesíumskortur getur valdið spennu, taugaveiklun, skertri vöðvavirkni og krömpum.

- Magnesíumskortur getur gert hesta hvekkta og heft þroska liða og vöðva




---

# Láttu gæðinginn glansa með Leovet

## 5 Star línan




**Braiding gelið** auðveldar vinnu við að skipta faxi og flétta.Gelið losar um flækjur, nærir faxið, gefur hárinu meiri fyllingu og betra hald fyrir fléttur og skiptingu á faxi.




**Magic Style gelið** nærir hárið og eykur lyftingu, glans og teygjanleika þess. Fax og tagl lítur út eins og nýþvegið og fyllt í marga daga eftir notkun gelsins.




**Striegel flókaúðinn** auðveldar til muna að greiða úr flækjum í faxi og tagli. Eykur hárvöxt, stoppar kláða, nærir þurra húð og er mjög rakagefandi.




**Body wash Biotin** er mild sápa sem styrkir uppbyggingu hársins og hárrræturnar. Það heldur feldi og faxi mjúku og hreinu.

## Silk Care línan




**Silk Care glansúði** Silkiprótein gefa faxi, tagli og feldi fallegan gljáa. Gerir feldinn ekki hálan og má því nota í hnakkstæði.




**Silk Care sjampó** Silkiprótein, vítamín og jurta byggja upp hárið. Endurkasta dagsbirtu og framkalla einstakan gljáa.

# VÖÐVAR, LIÐIR OG SINAR

- Bætiefni fyrir hross sem eru að glíma við liða- og sina-meiðsli hjálpa við endurnýjun sinaþráða og liðvökva
- Hægt er að fyrirbyggja slítandi sina- og liðasjúkdóma í fullorðnum hrossum
- Jákvæð áhrif á almennan stirðleika í hrossum
- Vöðvarýrnun:
  - vegna járnskorts > járn er mikilvægt til framleiðslu á rauðum blóðkornum
    - járn- og efnaskortur vegna ormasýkingar: járn, B-vítamín, kopar
- ***ATHUGIÐ að blóðleysi í reiðhestum getur valdið vöðvarýrnun í þjálfun þegar súrefnisskortur verður í vöðvunum. Afleiðingin er vöðvabólga í staðin fyrir vöðvauppbyggingu.***
  - vegna próteinskorts: grunnfóður inniheldur of lítið prótein > velja réttan fóðurbæti og bætiefni
  - vegna sjúkdóms, t.d. sýkingar, hófsperru, rauðmigu, vöðvabólgu, van-fóðrunar eða vegna ormasýkingar
    - líkaminn þarf prótein til að endurnýja og byggja upp vöðvana
- Folöld: vöðvasjúkdómur er til sem hægt er að rekja til selenskorts
- Folöld undan hryssum sem skortir selen:
  - folöldin fá ekki nóg af efninu, hvorki í gegnum naflastreng né með móðurmjólk
- Selen geymist ekki lengi í líkamanum
- ***ATHUGIÐ!! Eitrunarþröskuldur selens er mjög lágur (> 2mg/kg fóðurs)***

## BLUE HORS MUSCLE BUILD

◆ *Duft*

**7,5 kg** ***BLUE40-111***

Blue Hors Muscle Build vaxtarfóður getur stutt við skjóta og árangursríka vöðvauppbyggingu og samanstendur af náttúrulegum innihaldsefnum, sojabaunum og fitu úr jurtaolíum.




- Styður við vöðvauppbyggingu og vöðvaþroska hjá ungum hestum
- Styður við vöðvauppbyggingu hjá rýrum hestum og keppnishestum
- Inniheldur nauðsynlegar amínósýrur og karnitín til vöðvauppbyggingar
- Hjálpar til við að koma í veg fyrir vöðvaþreytu

# PAVO MUSCLEBUILD

◆ *Kögglar*

**3 kg** *87240*




Pavo MuscleBuild er fóðurbætir fyrir hesta sem inniheldur mysuduft, vel þekkt fæðubótarefni í heimi vaxtarræktar.

Hentar fyrir tryppi og unga hesta sem þurfa stuðning við vöðvafyllingu. Einnig tilvalið fyrir keppnishesta.

- Muscle Build getur stutt við skjóta og árangursríka vöðvauppbyggingu
- Gert úr heilum sojabaunum, sem unnar eru þannig að náttúrulegt innihald olíu, fitusýra, próteina og nauðsynlegra amínósýra er varðveitt eins og kostur er.
- Inniheldur ber og jurtir sem styðja við vöðvauppbyggingu

---

# PAVO MUSCLECARE

◆ *Kögglar*

**3 kg** *87230*




Pavo MuscleCare er fóðurbætir fyrir hesta sem inniheldur náttúruleg CellProtect andoxunarefni ásamt beta-alaníni (doping frítt). Beta-alanín er amínósýra og styður við endurheimtagetu vöðva gegn mjólkursýru. Með því að bæta beta-alaníni í fóðrið myndar líkami hestsins meira karnósín sem hægir á sýrumyndun í vöðvum. Vegna þessa lengist þol og úthald fyrir hámarksálagi í þjálfun. Inniheldur ekki hveiti og er þ.a.l. glútensnautt.

- Losar um stífleika og eymsli í vöðvum eftir erfiðar og léttar æfingar
- Hraðar niðurbroti og útlosun úrgangsefna
- Inniheldur beta-alanín og náttúrulegt E-vítamín
- Tilvalið fyrir keppnishesta á öllum stigum

---

# PAVO MOBILITY

◆ *Kögglar*

**3 kg** *87260*




Pavo Mobility inniheldur glúkósamín og hýalúrónsýru sem hvort um sig eru mikilvægir þættir fyrir myndun liðvökva. Kondróitín og MSM (metýlsúlfónýlmetan) hafa jákvæð áhrif á brjóskvef. Mikilvægast er þó hið viðbætta kollagen sem stutt getur kollagenmyndun, bein og brjósk. Inniheldur jafnframt C-vítamín og kísil og er án hveitis og inniheldur lítið glúten.

- Getur aukið liðleika liðamóta
- Inniheldur mikilvæg efni fyrir brjóskvef og liðamót
- Styður við myndun liðvökva
- Inniheldur kollagen, glúkósamín, kondróitín, hýalúrónsýru, MSM og kísil

# BLUE HORS TOP FLEX

◆ *Duft*

**1,5 kg** ***BLUE40-129***

Blue Hors Top Flex veitir góðan stuðning við liðamót og stoðkerfi hrossa.




- Inniheldur náttúrulegt glúkósamín, náttúruleg ber og jurtir
- Aukin mýkt og seigla

---

# BLUE HORS MUSCL' E-VITAMIN

◆ *Duft*

**1,5 kg** ***BLUE40-173***

Muscl'E-vitamin er fóðurbætir fyrir hesta, með náttúrulegu E-vítamíni, seleni og lýsíni.

E-vítamín og selen eru andoxunarefni sem hlutleysa skaðleg úrgangsefni sem safnast upp í vöðvunum við mikla hreyfingu og þjálfun.




- E-vítamín getur hjálpað til við að auka frjósemi ræktunardýra.

---

# PAVO PROTEINPLUS

◆ *Kögglar*

**7 kg** ***BTR10077***




Þegar gróffóður/hey er af ónógum gæðum, lítið viðbótar kjarnfóður er gefið eða þegar það er aukin þörf á próteini (t.d. fyrir keppnishest eða eldri hest) fær hesturinn oft ekki nóg prótein úr fóðrinu til þess að mæta daglegri þörf. Pavo ProteinPlus opnar á þann möguleika að bæta eingöngu amínósýrum (próteini) við daglegt fóður. Með ProteinPlus má leiðrétta próteinskort í fóðri án þess að gera miklar breytingar á fóðruninni að öðru leyti.

- Hentar vel með próteinlágu gróffóðri
- Fyrir holdgranna hesta sem fá nóg af gróffóðri
- Hentar fyrir fylfullar/mjólkandi hryssur, eldri hesta, keppnishesta, tryppi og hesta í bataferli

# ENDURHEIMT, SÖLT OG RAFVAKAR

- Öll hross (á útigangi/á húsi) þurfa ótakmarkaðan aðgang að saltsteini
- Vatnsþörf (á dag):
  - folöld 7-10 l / 100 kg
  - fullorðin hross:
    - viðhaldsþörf 3-5 l / 100 kg (15-20 l)
    - létt vinna 7 l / 100 kg (28 l)
    - erfið vinna 10 l / 100 kg (40 l)
    - mjólkandi hryssa 8 l / 100 kg (32 l)
- Vítamín- og steinefnablöndur koma ekki í staðin fyrir saltstein
- Hestar sem eru nýteknir inn á hús þurfa meira salt til að halda vökvabúskap í jafnvægi
  - mikilvægt til að fyrirbyggja hrossasótt vegna stíflu
- Natríum- og klórjónir tapast með svita
  - því meir eftir því sem hesturinn svitnar meira

***ATHUGIÐ að órakaðir hestar á húsi svitna mikið án álags***

## BLUE HORS ELECTROLYTE DAILY

*Duft*

**2 kg** ***BLUE40-535***

Electrolyte Daily endurnýjar saltbirgðir í líkama hestsins eftir mikla svitamyndun við daglega þjálfun.

Skortur á rafvökum (elektrólýtum) í blóði getur leitt til minni afkasta, vökvaskorts og getur valdið skertri vöðva- og taugastarfssemi




- Skortur á rafvökum getur leitt til lakari afkasta og ofþornunar, lakari vöðvavinnu og skertrar taugavirkni



# BLUE HORS ELECTROLYTE RE-COVER

*Þykkni*

**30 ml** *BLUE40-124*

Re-Cover er þykkni ætlað til að ná upp orku eftir mikið álag og svitamyndun. Inniheldur nauðsynleg sölt og næringarefni.

Tilvalið til notkunar eftir keppnir, erfiða þjálfun, ferðalög eða fyrir hryssur eftir köstun.




- Rafvakar (elektrólýtar) í formi mauks sem bæta upp salttap eftir mikla svitamyndun og áreynslu
- Inniheldur B-vítamín og andoxunarefni á formi C- og E-vítamíns
- Bragðgott og auðvelt að gefa. Sprautað beint í munn

---

# PAVO E'LYTE

*Kögglar*

**3 kg** *87290*

PAVO E'lyte er steinefnablanda með rafvökum. Mikilvægt fyrir hesta til endurnýjunar á steinefnum líkamans eftir að hesturinn svitnar, t.d. við erfiða þjálfun.

Hentar öllum hestum.




- Mikilvægt fyrir uppbyggingu og virkni vöðva
- Viðbót við saltþarfir hestsins og inniheldur blandan öll nauðsynleg steinefni líkamans

---

# PAVO REHYDRATE

*Vökvi*

**1 l** *87280*

Hestar sem stunda mikla hreyfingu og/eða svitna mikið, missa ekki bara vökva, þeir missa líka steinefni líkamans - sölt eins og natríum, klóríð og kalíum.

Þegar ekki er bætt á þetta tímanlega getur hesturinn ofþornað og þjáðst af neikvæðu saltajafnvægi, sem leiðir til orkutaps og skorts á vinnuvilja.

PAVO Rehydrate er vökvi sem eykur endurheimt eftir erfiða æfingu. Endurheimt á rafvökum, steinefnum og orku.

Blandan inniheldur glúkósa og örvar inntöku vatns og eflir þannig vökvaendurheimt.



# BLUE HORS UMHIRÐUVÖRUR

BLUE HORS vörulínan hefur að geyma gott úrval vandaðra vara til ytri umhirðu hesta, umhirðu reiðtygja og margt fleira!




### Skinhealer
Sótthreinsandi sárakrem sem virkar mjög vel á múkk og ósýkt sár.




### Wound Spray
Sáraúði sem hentar vel á ósýkt sár og virkar þurrkandi á svæðið.




### Cool Clay
Sérlega virk leið til að kæla þreytta eða bólgna liði og sinar.



### Buzz Off
Skordýrafæla




### Buzz Off Roll On
Flugnafæla í handhægu hylki sem hægt er að hafa í vasa eða hnakktösku.




### Wash'n Care
Milt, lyktarlaust hesta-sjampó með réttu pH gildi sem ertir ekki húðina.




### White Matiné
Sjampó fyrir hvítan feld á hestum og hundum. Inniheldur Aloe Vera




### Clean & Dry
Þurrsjampó, kjörið til að þrífa hesta með ljósan feld. Hraðþornandi.



### Hoofshine
Hófglans. Úðað beint á hreina og þurra hófa áhrifin koma strax fram.



### Bite Stop
Nagvörn. Litlaus, lyktarlaus, eiturefnalaus úði með afar bitru bragði.




### Leather Oil
Leðurolía í úðaformi, sem smýgur þar sem klútur eða svampur nær ekki til .



### Umhirðutaska
Rúmgóð og hagnýt taska með pláss fyrir allt sem hesturinn þarfnast.


LÍFLAND
Þrifalegra hesthús
Nótuð plastborð og plastplötur í hesthús gera þrifin auðveldari, auka slitþol innréttinga og bæta ásýnd og hreinlæti í hesthúsum.
Nótuð plastborð
2400x135x32mm
Fást í gráum, grænum og brúnum lit
Plastplötur
2400x1200x4mm
Ljósgráar. Níðsterkar og henta líka vel sem sparkvörn í hestakerrur.




Sala og ráðgjöf **Sími 540 1100** | **www.lifland.is** lifland@lifland.is | **Reykjavík** Lyngháls 3 | **Akureyri** Óseyri 1 | **Borgarnes** Digranesgata 6 | **Blönduós** Efstabraut 1 | **Hvolsvöllur** Ormsvöllur 5